

Framhaldsnefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, og lögum um gatna-gerðargjald, nr. 153/2007, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að því hafði verið vísað til 3. umræðu.

Nefndin telur rétt að ákvæði 1. gr. frumvarpsins um lögveðsrétt til fjögurra ára verði einnig látið ná til ársins 2008. Tilgangurinn með 1. gr. er að skapa aukið svigrúm fyrir sveitarfélög til að semja við fasteignaeigendur sem eiga í greiðsluerfiðleikum við skil á fasteignaskatti án þess að eiga á hættu að lögveðsréttur glatist þar sem tímafresturinn sem tilgreindur er í frumvarpinu varðandi lögveðið er rýmri en almenna reglan segir til um. Til að tryggja betur að tilgangi frumvarpsins um aukið svigrúm til samninga verði náð telur nefndin mikilvægt að heimildin nái einnig til ársins 2008.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað „2009 og 2010“ í 1. gr. komi: 2008–2010.

Björgvin G. Sigurðsson, Sturla Böðvarsson, Árni Johnsen og Ragnheiður Ólafsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. febrúar 2009.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir,
form., frsm.

Árni Þór Sigurðsson.

Ólöf Nordal.

Lúðvík Bergvinsson.

Valgerður Sverrisdóttir.